



## BOLUNGARVÍK

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Sölvhólsgrötu 7

101 Reykjavík

### Umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. 29/2020.

Bæjarráð Bolungarvíkur gerir alvarlegar athugasemdir við framkomið „*Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga*“. Frumvarpið er alvarleg atlaða að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og hin lögþvinguðu sameiningáform sem boðuð eru í frumvarpinu fara gegn skýrum vilja íbúa Bolungarvíkur. Jafnframt gerir bæjarráð Bolungarvíkur alvarlegar athugasemdir við hvernig Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er beitt gegn sveitarfélögum með markvissum hætti til að ná fram markmiðum stjórnvalda um sameiningar sveitarfélaga.

Bæjarráð Bolungarvíkur gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

#### 1. gr.

Ekkert í greinargerð sem fylgir frumvarpinu, eða þeim skýrslum og grænbókum sem frumvarpið byggir á kemur fram með óyggjandi hætti að sveitarfélag með færri en 1.000 íbúa sé ekki sjálfbært sveitarfélag. Ekkert hefur komið fram í aðdraganda frumvarpsins hvað gerist þegar íbúafjöldin nær 1.000 íbúum. Nær væri að leggjast í ítarlegri vinnu við að greina sjálfbærni hvers sveitarfélags á Íslandi óháð íbúafjölda.

Tvískinningur frumvarpsins kemur berlega í ljós með því að gefa minni sveitarfélögum það haldreipi að „*veita tímabundna undanþágu.. ef sérstakar aðstæður mæla gegn því að sveitarfélag geti myndað stjórnsýslulega heild..*“. Ef sveitarfélag getur ekki myndað stjórnsýslulega heild, þá er afar ólíklegt að það muni breytast á fjórum árum.

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til að þessi grein sem lagt er til að verði 4. gr. a. verði alfarið felld á brott úr frumvarpinu.

#### 4. gr.

Greinin fjallar um hvað gera skuli þegar þvinga þarf sveitarfélag til sameiningar við annað sveitarfélag gegn vilja þess. Það er ólíðandi að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélags er tekinn af því. Þá er jafnframt bætt í óréttlætið með því að skipa nefnd þar sem viðkomandi sveitarfélag hefur hvorki formann né meirihluta í nefndinni. Þeim eru allar bjargir bannaðar og stærra sveitarfélagið, sem alla jafna hefur meiri ítök í landshlutasamtökunum mun ráða ferðinni í

sameiningunni, þvert gegn vilja minni sveitarfélagsins.

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til að þessi grein verði alfarið felld á brott úr frumvarpinu.

9. gr.

Það er merki um uppgjöf stjórnvalda að setja það í hendur sveitarfélagana að setja byggðarstefnu í landinu. Það væri betur fallið ef stjórnvöld og sveitarfélög taki höndum saman og vinni slíka áætlun saman.

12. gr.

Allt bendir til að þær 1.000 millj.kr. af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem halda á eftir til að mæta greiðslum vegna sameiningar sveitarfélaga verði teknar af núverandi framlögum sjóðsins. Sveitarfélögin verða því af 15milljörðum á tímabilinu á meðan er ólíklegt er að styrkir vegna sameiningar verði miklu hærri. Það eru því sveitarfélögin sjálf sem eru að greiða fyrir sameiningu og þannig er verið að nota Jöfnunarsjóð til að þvinga sveitarfélög í sameiningu, því þau sveitarfélög sem ekki fá sameiningarframlag munu mörg hver þurfa að þola skeringu uppá hundruðir milljóna króna á tímabilinu.

Í töflu 1 hér fyrir neðan kemur fram hugsanlegur ávinningur sveitarfélaga af sameiningarframlögum fari viðkomandi sveitarfélag í sameiningu við annað sveitarfélag. Gera má ráð fyrir að kostnaður við sameiningarferli veri umtalsverður sé það gert á jafnréttisgrundvelli. Íbúafundir, utanaðkomandi rágjafar, vinna við að samhæfa bókhald, skjalakerfi, félagsþjónustu, nýja heimasíðu, nýtt sveitarfélagamerki eru nokkur þeirra verkefna sem nýtt sveitarfélag þarf að ráðast í fyrir og í kjölfar sameiningar. Það er því verulegur efi á því að nokkurt sameinað sveitarfélag muni njóta fjárhagslegs góðs af sameiningu ef ekki kemur til viðbótarframlag úr ríkissjóði. Þvert á móti mun, að öllu óbreyttu, frumvarpið leggja auknar fjárhagslegar byrðar á sveitarstjórnarstigið og rýra getu þess til sjálfbærar framtíðar.

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til að árleg framlög Jöfnunarsjóðs verði aukin sem nemur skerðingu vegna sameiningarframlaga sem fyrirhugað er að halda eftir af tekjum sjóðsins.


### **Almennt um frumvarpið og aðdraganda þess:**

Bæjarráð Bolungarvíkur harmar aðdraganda þessa frumvarps og þann lýðræðishalla sem einkendi aðdraganda þess. Sjálfsgætur og eðlilegur réttur sveitarfélaga til að ráða sinni eigin framtíð var að engu hafður og ítrekað var vísað í ‚lýðræðislega niðurstöðu‘ sem fólst í því að stærri sveitarfélög kusu að sameina til sín þau sveitarfélög sem minni eru.

Sagan um úlfana tvo og lambið sem kusu um hvað var í matin í kvöld, er dæmisaga um lýðræðislega niðurstöðu sem endar hörmulega fyrir þann veikari, í þessu tilfelli lambið sem úlfarnir kusu að hafa í matinn. Þetta er saga um lýðræði hinnar sterku þar sem hinir sterku og fjölmennu kjósa hörmungar yfir hina minni. Þessi dæmisaga kennir okkur að lýðræðisleg niðurstaða manna er marklaus ef brotið er á grundvallar réttindum fólks til að hafa áhrif á eigið líf.

Í október 2019 lét bæjarstjórn Bolungarvíkur MMR gera skoðannakönnun meðal íbúa Bolungarvíkur um viðhorf þeirra til sameiningar. Niðurstaða hennar var afar afgerandi og söguðst 93% þátttakanda í könnuninni að þeir myndu hafna sameiningu ef kosið væri þess efnis. Þegar spurt var um viðhorf til sameininga almennt voru 82% þátttakanda neikvæð í garð sameiningar og aðeins 8% jákvæð. Viðhorf

Bolvíkinga er því afar skýrt. Engin áhugi er fyrir sameiningu og skýr vilji íbúa að hafna hugmyndum þess efnis.



### Tillaga að sáttum

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til við ráðherra sveitarstjórnarmála og alþingi að felld verði úr lögnum ákvæði um lágmarksfjölda sveitarfélaga. Í stað þess beiti sveitarstjórnarráðherra sér fyrir því að meta hæfni allra sveitarfélaga á Íslandi, óháð stærð, til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er til að sveitarfélag teljist sjálfbært. Aukin framlög til Jöfnunarsjóðs verði svo nýtt til að skapa hvata til sameiningar fyrir viðkomandi sveitarfélög. Ef sveitarfélag er raunverulega ekki fjárhagslega, samfélagslega eða stjórnsýslulega ekki sjálfbært eru yfirgnæfandi lýkur til þess að vilji íbúa standi til sameiningar.

### Lokaorð

Bæjarráð Bolungarvíkur leggst alfarið gegn lögþvingaðri sameiningu sveitarfélaga. Lagt er til að slíkt ákvæði verði fellt úr lögnum ásamt þeim athugasendum sem gerðar eru við frumvarpið hér fyrir ofan. Þess í stað er lagt til að stjórnvöld beiti sér fyrir því að vinna saman með sveitarfélögum og búum þess að öll sveitarfélög, óháð stærð, verði sannarlega fjárhagslega, samfélagslega og stjórnsýslulega sjálfbær. Það er hið sanna markmið laganna og það hljómar hreint ómögulega að gera það gegn vilja íbúana. Óhugsandi eiginlega.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur, 25. febrúar 2020

**Tafla 1: Áhrif skerðingar á framlög jöfnunarsjóð vegna sameiningarfrumvarps**

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. jan 2019	Samtals framlag vegna sameiningar	Samtals skerðing vegna sameiningar	Mismunur
2000 - Reykjanesbær	18,920	500	921	-421
3609 - Borgarbyggð	3,807	220	490	-270
6000 - Akureyrarkaupstaður	18,925	700	943	-243
2300 - Grindavíkurbær	3,427	100	317	-217
8200 - Sveitarfélagið Árborg	9,485	500	684	-184
0000 - Reykjavíkurborg	128,793	700	879	-179
7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	2,389	102	278	-176
3000 - Akraneskaupstaður	7,411	286	431	-145
5508 - Húnaþing vestra	1,181	152	269	-117
8613 - Rangárþing eystra	1,924	133	222	-89
6400 - Dalvíkurbyggð	1,905	220	279	-59
6513 - Eyjafjarðarsveit	1,042	141	165	-24
3811 - Dalabyggð	673	132	153	-21
2510 - Suðurnesjabær	3,480	372	386	-14
8722 - Flóahreppur	667	112	125	-13
6515 - Hörgársveit	616	103	108	-5
8000 - Vestmannaeyjabær	4,301	287	287	0
7300 - Fjarðabyggð	5,070	620	607	13
1400 - Hafnarfjarðarkaupstaður	29,799	594	577	17
6250 - Fjallabyggð	2,007	277	255	22
4502 - Reykhólahreppur	258	120	97	23
8721 - Bláskógabyggð	1,121	125	96	29
6612 - Þingeyjarsveit	894	177	145	32
6601 - Svalbarðsstrandarhr.	491	100	67	33
4803 - Súðavíkurhreppur	204	109	71	38
8509 - Skaftárhreppur	583	100	60	40
6602 - Grýtubakkahreppur	371	108	65	43
5609 - Sveitarfélagið Skagaströnd	452	147	93	54
2506 - Sveitarfélagið Vogar	1,286	220	164	56
3511 - Hvalfjarðarsveit	638	122	64	58
5612 - Húnavatnshreppur	371	139	78	61
5706 - Akrahreppur	202	113	49	64
6607 - Skútustaðahreppur	502	100	33	67
8719 - Grímsnes- og Grafningshr.	493	103	33	70
7620 - Fljótsdalshérað	3,600	598	524	74
5611 - Skagabyggð	90	109	34	75
6706 - Svalbarðshreppur	91	104	28	76
8720 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur	626	103	26	77
7000 - Seyðisfjarðarkaupstaður	685	169	90	79
8610 - Ásahreppur	248	100	16	84
3710 - Helgafellssveit	62	100	13	87
4200 - Ísafjarðarbær	3,800	594	506	88
4902 - Kaldrananeshreppur	103	106	17	89
3713 - Eyja- og Miklaholtshr.	117	123	33	90

1604 - Mosfellsbær	11,463	500	410	90
1000 - Kópavogsbær	36,975	500	408	92
1606 - Kjósarhreppur	238	102	9	93
7505 - Fljótsdalshreppur	74	100	4	96
6611 - Tjörneshreppur	55	103	6	97
7509 - Borgarfjarðarhreppur	109	119	21	98
3506 - Skorradalshreppur	58	103	2	101
8710 - Hrunamannahreppur	786	186	84	102
4901 - Árneshreppur	40	109	5	104
4604 - Tálknafjarðarhreppur	258	165	57	108
8614 - Rangárþing ytra	1,636	262	151	111
8508 - Mýrdalshreppur	695	155	44	111
8717 - Sveitarfélagið Ölfus	2,153	327	211	116
7617 - Djúpvogshreppur	472	243	120	123
4911 - Strandabyggð	449	236	103	133
3714 - Snæfellsbær	1,674	401	267	134
5604 - Blönduósibær	939	310	170	140
5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	3,992	684	514	170
7502 - Vopnafjarðarhreppur	660	292	114	178
1100 - Seltjarnarneskaupstaður	4,664	297	84	213
6709 - Langanesbyggð	504	321	102	219
4607 - Vesturbyggð	998	441	196	245
6100 - Norðurþing	3,042	526	278	248
4100 - Bolungarvíkurkaupstaður	953	401	153	248
1300 - Garðabær	16,299	500	240	260
8716 - Hveragerðisbær	2,628	500	222	278
3711 - Stykkishólmsbær	1,201	500	136	364
3709 - Grundarfjarðarbær	866	511	110	401
Samtals	356,991	19.034	15.000	4.034